

Persónuhlífar sem bæði starfsmenn og gestir gætu þurft að nota til viðbótar á vinnusvæðum:

- Öryggisgleraugu
- Heyrnahlífar
- Handska
- Fallvarnabúnað
- Öndunargrímu



### Umferð á vinnusvæðum

Gestir þurfa að vera meðvitaðir um umferð vinnuvéla og aksturs- og gönguleiðir innan svæðis.

Gangandi vegfarendur eiga að:

- Nota eins og við á merktar og skilgreindar gönguleiðir og varast fallhættur og merkt hættusvæði.
- Ná augnsambandi við stjórnendur tækja og bíða eftir merki frá þeim áður en farið er nálægt tækjum eða ferill þeirra þveraður.
- Vera meðvitaðir um möguleg blind svæði fyrir stjórnendur tækja.
- Vera sýnilegir í viðeigandi sýnileikafatnaði.
- Víkja fyrir ökutækjum og annarri umferð.

### Viðbragðsáætlun og neyðarnúmer

Verktaki á viðkomandi vinnusvæði ber ábyrgð á að viðeigandi búnaður til skyndihjálpar sé til staðar svo sem sjúkrakassar og slökkvitæki. Neyðarsturtur og augnskol þurfa að vera til staðar þar sem unnið er með eiturefni og hættuleg efni.

Allir starfsmenn þurfa að vita hvar skyndihjálparbúnaður er staðsettur. Hringja skal í Neyðarlínuna í síma 112 ef upp kemur neyðartilvik eða slys á fólki. Tilkynna skal atburðinn til mannauðsdeildar Vegagerðarinnar og ef við á til Vinnueftirlitsins.

Útgefið í júní 2015

Unnið af Mannvit hf. og gæðadeild Vegagerðarinnar.

Tengiliðir: Sverrir Valgarðsson og Matthildur B. Stefánsdóttir.



# ÖRYGGI GESTA Á VINNUSVÆÐUM VEGAGERÐARINNAR

Vel undirbúin ferð á vinnusvæði eykur mjög öryggi starfsmanna og gesta.



### Gestir á vinnusvæðum Vegagerðarinnar

Það er markmið Vegagerðarinnar að í verkum á vegum hennar verði hvorki slys á mönnum né umhverfi. Gera skal ráðstafanir sem tryggja, að við framkvæmd verksins verði unnt að gæta fyllsta öryggis, góðs aðbúnaðar fyrir starfsmenn og gesti.

Á verkstað skal í öllu fara eftir íslenskum lögum, reglugerðum og reglum. Auk þess skulu allir fara eftir kröfum og reglum Vegagerðarinnar sem varða öryggis- og vinnuverndarmál.

Þessi bæklingur á við um og gildir fyrir gesti, verktaka, ráðgjafa, hönnuði, birgja og þá sem dvelja stuttan tíma á vinnusvæðum Vegagerðarinnar.

Vegagerðin er ánægð með þann fjölda gesta sem sýna áhuga á vinnusvæðum Vegagerðarinnar. Í þessum bæklingi er farið yfir mikilvæga þætti og ráð sem þú sem gestur eða ábyrgðaraðili gesta þarft að hafa í huga og hvers er ætlast til af þér meðan á heimsókn stendur.

## Skipulag heimsókna

Þegar gestir óska eftir að koma í heimsókn á vinnusvæði Vegagerðarinnar er mikilvægt að:

- Heimsókn sé skipulögð með góðum fyrirvara.
- Gesturinn eða sá sem fer fyrir hópi gesta hafi samband við verkefnastjóra, eftirlitsmann eða umsjónarmann framkvæmdar hjá Vegagerðinni sem getur komið viðkomandi í samband við stjórnendur á vinnusvæðinu.
- Vera í sambandi við stjórnendur framkvæmda á vinnusvæðinu varðandi tímasetningu og ástæðu heimsóknar.

Stjórnendur vinnusvæða mega og geta neitað gestum aðkomu að vinnusvæði ef þeir meta aðstæður þannig að þær séu ekki öruggar fyrir gesti.

## Heimsóknir á vinnusvæði

Taka skal á móti gestum við komu þeirra á vinnusvæðið og kynna fyrir þeim og leiðsögumönnum þeirra öryggisreglur og öryggisáætlun framkvæmdarinnar.

Atriði sem þarf að kynna fyrir gestum og fara vel yfir eru:

- Helstu hættur á vinnusvæðinu.
- Hvaða öryggisbúnað og persónuhlífar nota skuli á vinnusvæðinu.
- Vinnulag og reglur vegna akandi umferðar.
- Kynna gönguleiðir á vinnusvæðinu.
- Umgengni og hegðun í kringum stórar vinnuvélar.

Eftirfarandi reglur gilda á vinnusvæðum:

- Gestir mega aldrei vera einir án starfsmanns verktaka eða Vegagerðarinnar á vinnusvæðinu.
- Virða skal allar merkingar á vinnusvæðinu.
- Bannað er að fjarlægja eða færa girðingar og hindranir á vinnusvæðinu.
- Bannað er að ganga undir eða í nálægð við hangandi byrðar eða þar sem hætta er á hruni.
- Bannað er að vera á vinnusvæðum undir áhrifum lyfja, áfengis eða annarra vímuefna.

Útgefið í júní 2015

Unnið af Mannvit hf. og gæðadeild Vegagerðarinnar.

Tengiliðir: Sverrir Valgarðsson og Matthildur B. Stefánsdóttir.

Gestir og leiðsögumenn skulu fara í einu og öllu eftir því sem stjórnendur á vinnusvæðinu segja og taka vel eftir öllum leiðbeiningum og tilmælum þeirra.

## Öryggisbúnaður og persónuhlífar

Vegagerðin vill vera til fyrirmyndar í öryggismálum og vill engin slys á starfsmönnum sínum, verktökum eða gestum. Útvega skal öllum gestum og leiðsögumönnum þeirra öryggisbúnað og persónuhlífar. Verktaki útvegar þennan búnað á sínum vinnusvæðum. Taka skal mið af öryggisreglum og áhættumati vinnusvæðis við mat á því hvaða búnað þarf hverju sinni.

Persónuhlífar sem þarf að lágmarki að nota á vinnusvæðum:

### Öryggishjálmar



### Sýnileikafatnað



### Öryggisskó eða góða hlífðarskó



Oft er öryggisbúnaður sem ætlaður er gestum einkennandi á einhvern hátt, til dæmis að öryggishjálmar ætlaðir gestum séu öðruvísi á litinn en hjálmar starfsmanna. Það er gert til að starfsmenn verktaka geti verið meðvitaðir um að þar sé gestur á ferð sem þekkir vinnusvæðið ekki eins vel og starfsmenn á svæðinu.

**KOMUM HEIL HEIM**